

Bolafótur M11athugasemdir við
aðalskipulagstillögu

6.08.2025

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/345>

Nafn	inntak	viðbrögð
01. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja um breytinguna sem skilað var á lýsingarstigi þann 3. apríl 2024 á enn við. Embættið sér ekki ástæðu til að skila inn frekari umsögnum um breytinguna á aðalskipulaginu.	Á svæðinu er vissulega starfsemi fyrirtækis sem er nágrönnum til ama. Unnið er að lausn þess.
02. Isavia	Fh. Isavia þá er ítrekuð athugasemd við tillögu á vinnslustigi frá ágúst 2024. Þar var vakin athygli á að fyrirhuguð byggð við Bolafót er í beinni stefnu flugbrautar 10/28 á Keflavíkurflugvelli og verður að gera ráð fyrir hávaða á svæðinu vegna flugs yfir byggðinni. Bent er á að Isavia vaktar hljóðvist á svæðinu í tengslum við flugbrautina og nærliggjandi byggð og Reykjanesbær getur nálgast þau gögn í tengslum við skipulagsvinnuna, sé vilji fyrir hendi að koma þeim inn í skilmála aðal- eða deiliskipulags fyrir fyrirhugaða byggð.	Miðað við gögn UST er flughávaði viðmiðunarmörk hávaða á miðsvæðum. Mögulega við aukna starsemi flugvallar eykst hávaði en bregðast þarf við slíku í skilmálum deiliskipulags t.d. með kröfu um aukna hljóðeinangrun húsa.
03. Landhelgisgæsla Íslands	Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið minnir á að Keflavíkurflugvöllur er bæði her- og borgaralegur flugvöllur. Vegna herflugs sem um völlinn fer er æskilegt að við gerð deiliskipulagsins séu gerðar miklar hljóðvistarkröfur til húsnæðis á umræddu svæði sem er í beinni stefnu að flugbraut 10/28 á Keflavíkurflugvelli. Í hljóðvistarútreikninga svæðisins sem almennt er byggt á er ekki tekið tillit til herflugs. Því má búast við að raunhljóðvist sé slakari en útreiknað kort sýnir. Þá stendur umrætt svæði nærri klettabelti sem kann að valda endurkasti hljóðs en svæðið við Bolafót og nágrenni er það svæði þar sem ónæði vegna flugumferðar virðist vera einna mest í Reykjanesbæ.	Miðað við gögn UST er flughávaði viðmiðunarmörk hávaða á miðsvæðum. Mögulega við aukna starsemi flugvallar eykst hávaði en bregðast þarf við slíku í skilmálum deiliskipulags t.d. með kröfu um aukna hljóðeinangrun húsa.
04. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar	Ítrekuð er fyrri bókun skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar frá apríl 2024 þar sem vakin er athygli á að fyrirhuguð byggð er í beinni flugstefnu og	Miðað við gögn UST er flughávaði viðmiðunarmörk hávaða á miðsvæðum. Mögulega við aukna

	verður að gera ráð fyrir umtalsverðum hávaða vegna flugumferðar yfir byggðinni.	starsemi flugvallar eykst hávaði en bregðast þarf við slíku í skilmálum deiliskipulags t.d. með kröfu um aukna hljóðeinangrun húsa.
--	--	--